



Verðlagspróun undanfarin misseri


Inngangur

- Vísitala neysluverðs hefur hækkað um 42,8% frá því í byrjun árs 2008.
- Árið 2012 mældist verðbólgan 5,2% og spáir Seðlabanki Íslands að verðbólgan muni hjaðna og nema um 3,8% árið 2013.
- Tímabilið 2011-2013 var skoðað sérstaklega. Gengisvísitalan hefur hækkað um 12,5% á þessu tímabili og hefur innflutningsverðlag fylgt eftir rétt rúmlega 12% hækkun.
- Innlend matvara, búvörur án grænmetis og bensín hefur hækkað hvað mest á þessu tímabili meðan innfluttar vörur og húsnæði hafa hækkað talsvert minna.
- Gögnin eru að mestu fengin úr Peningamálum, riti Seðlabanka Íslands og Hagstofunni en einnig er að finna gögn frá DataMarket og Rannsóknarsetri verslunarinnar.

Launakostnaður hækkar

- Launakostnaður á framleidda einingu hefur hækkað og gert er ráð fyrir áframhaldandi hækkun. Stafar það fyrst og fremst af því að launaskrið reyndist heldur meira í lok síðasta árs en gert var ráð fyrir.
- Tryggingagjald lækkaði aðeins um 0,1% árið 2012 en samkomulag milli aðila vinnumarkaðarins fól í sér að framlag atvinnurekenda í starfsmennasjóði hækkar um 0,1% í áföngum frá janúar 2014 fram til janúar 2015.

Launakostnaður á framleidda einingu og framlag undirliða 2008-2015¹



1. Framleiðniaukning kemur fram sem neikvætt framlag til hækkunar á launakostnaði á framleidda einingu. Grunnspá Seðlabankans 2012-2015.


Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

Ársverðbólga hefur hækkað

- Verðbólga mældist 4,3% á fjórða ársfjórðungi 2012. Meðalverðbólga í fyrra nam 5,2% og jókst úr 4% árið 2011. Kjarnavísitala 3 sem undanskilur áhrif skatta, sveiflukenndra matvöruliða, bensíns, opinberrar þjónustu og raunvaxtakostnaðar húsnæðislána lækkaði um 0,2% í janúar.
- Undirliggjandi ársverðbólga á þennan mælikvarða nam því 4,6% og hafði aukist úr 3,6% í október sl.

Verðbólga á ýmsa mælikvarða¹

Janúar 2001 - janúar 2013



1. Kjarnavísitala 3 er vísitala neysluverðs án búvöru, grænmetis, ávaxta, bensíns, opinberrar þjónustu og raunvaxtakostnaðar húsnæðislána. Í kjarnavísitölu 4 er að auki markaðsverð húsnæðis undanskilið.


Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

Gengislækkun í lok árs hafði áhrif

- Verðhækkanir innfluttrar vöru í kjölfar gengislækkunar krónunnar frá því í ágúst 2012 hefðu mest áhrif á vísitölu neysluverðs á fjórða ársfjórðungi.
- Verðlag almennrar þjónustu hafði einnig töluverð áhrif en lækkun bensínverðs vó á móti.

Undirliðir verðbólgu

Framlag einstakra undirliða til verðbólgu jan. 2010 - jan. 2013




Heimild: Hagstofa Íslands.

Innlend matvara hækkar mest

- Þegar litið er yfir árið og framlag matvöru og eldsneytis- og orkukostnaðar sést að hækkun innlendar matvöru og hækkun á bensíni vega mest í hækkun verðbólgu.

Framlag matvöru og eldsneytis- og orkukostnaðar til ársverðbólgu

Janúar 2010 - janúar 2013




Ársverðbólga hefur hjaðnað frá janúar 2012

- Ársverðbólga mældist 4,2% í janúar og var óbreytt frá því í október sl. en hefur lækkað frá því í janúar 2012. Þá mældist verðbólgan 6,5%. Verðbólguálagið mælt með vaxtamun verðtryggðra og óverðtryggðra skuldabréfa hefur lækkað á síðustu mánuðum.
- Verðbólguálagið til fimm ára og til næstu fimm ára þar á eftir er rúmlega 4% og hefur lækkað um u.þ.b. 0,3% frá því um miðjan nóvember.
- Langtímaverðbólguvæntingar virðast því hafa hjaðnað en eru þó enn yfir verðbólguþætti Seðlabankans.

Ársverðbólga, kjarnaverðbólga og langtímaverðbólguvæntingar

Janúar 2010 - janúar 2013




Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

Verðbólguvæntingar enn háar meðal heimila og fyrirtækja

- Verðbólguvæntingar heimila og fyrirtækja hafa lítið breyst samkvæmt könnun Capacent Gallup.
- Heimilin vænta 5,5% verðbólgu eftir ár en fyrirtækin vænta 4,5%
- Könnun meðal markaðsaðila sýnir svipaða niðurstöðu. Samkvæmt henni vænta markaðsaðilar þess að ársverðbólga verði um 4,5% eitt ár fram í tímann.

Verðbólguvæntingar fyrirtækja, heimila og markaðsaðila til eins árs og verðbólga
1. ársfj. 2003 - 1. ársfj. 2013




1. Mælingar á verðbólguvæntingum fyrirtækja voru framkvæmdar óreglulega fram að þriðja ársfjórðungi 2006 og því er brúað á milli mælinga fram að því.

Heimildir: Capacent Gallup, Seðlabanki Íslands.

Verðbólguhorfur hafa lítið breyst

- Verðbólguhorfur hafa lítið breyst undanfarið. Seðlabankinn spáir 4% verðbólgu á fyrsta fjórðungi þessa árs.
- Þrátt fyrir að hætt hafi verið við langflestar hækkanir á óbeinum sköttum virðast áhrif gengislækkunar krónunnar að undanfögnu vega á móti með auknum verðbólguþrýstingi.
- Sí spáir 3,8% meðalverðbólgu í ár.

Verðbólga með og án skattaáhrifa




Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

Undirliðir vísitölu neysluverðs


Séu undirliðir vísitölu neysluverðs skoðaðir sést að talsvert margir liðir hafa hækkað langt umfram vísitöluna. Skýringin er sú að vægi húsnæðis í vísitölunni er um 30% og hefur húsnæði aðeins hækkað um 11% frá byrjun árs 2008.

Bensín hefur nánast tvöfaldast í verði sem og áfengi og tóbak. Innlendar matvörur sem og innfluttar matvörur hafa hækkað töluvert eða um 50%.



Breytt mynd ef skoðað er annað tímabil

Þegar tímabilið frá janúar 2011 til febrúar 2013 er skoðað breytist myndin töluvert. Bensínið er ennþá sá liður sem hefur hækkað best en innlendar mat- og drykkjarvörur ásamt öðrum innfluttum vörum hafa hækkað mun minna en vísitala neysluverðs á þessu tímabili. Innlent grænmeti hefur hækkað lítið en búvörur án grænmetis hefur hækkað um 5% umfram vísitölu neysluverðs.




Heimild: Hagstofa Íslands


Verðlagspróun í EUR á matvörum hefur verið nokkuð stöðug

Verðlagspróunin á hinum ýmsum matvörum hefur verið nokkuð stöðug frá janúar 2011. Flestar matvörur hafa lækkað hlutfallslega í verði nema bæði fóðurhveiti og mylluhveiti.

Verð á kaffi hefur sveiflast mikið sem og verð á maís og byggi. Þess ber að geta að mælingarnar miðast við verð í evrum og er ekki að sjá áhrif gengisvísitölunnar í þessu líkani.




Hlutfallsleg skipting vísitölu neysluverðs hefur lítið breyst frá byrjun árs 2008



Forvitnilegt að skoða þróun innflutningsverðlag og gengis frá byrjun árs 2008

Frá janúar 2008 hefur gengisvísitalan hækkað sem um nemur 95,5%. Á sama tíma hefur innflutningsverðlag hækkað um 68,4%.

Það sést því að á þessu tímabili hefur hin mikla gengislækkun ekki skilað sér að fullu út í verðlagið.




Innflutningsverðlag hefur hækkað í samræmi við gengislækkun

Frá því í byrjun árs 2011 hefur innflutningsverðlag fylgt gengisþróuninni nánast algjörlega eftir.

Gengisvísitalan hefur hækkað um 22,69 stig eða sem um nemur 12,5% frá því í janúar 2011. Innflutningsverðlag hefur hækkað um 12,3% á sama tímabili.

Innflutningsverðlag og gengisþróun 2011-2013

— Gengisvísitala (mars '97 = 100)
— Innflutt vara án áfengis og tóbaks



Heimildir: DataMarket, Seðlabanki Íslands og Hagstofa Íslands